

Lágafellspósturinn

100 daga hátíð

Þann 1. febrúar höfðu nemendur 1. bekkjar verið 100 daga í skólanum og af því tilefni var haldin svokölluð „100 daga hátíð“. Hver nemandi föntraði sín eigin 100 daga gleraugu og kramarhús. Á boðstólum voru tíu tegundir af góðgæti og taldi hver nemandi tíu stykki af hverri tegund ofan í kramarhúsið sitt svo allir fengu alls 100 stykki. Góðgætið var af ýmsum toga; poppkorn, rúsínur, graskersfræ og fleira. Í lok dags var svo bíósýning þar sem allir horfðu saman á mynd.



Lífshlaupið

Nemendur og starfsfólk Lágafellsskóla voru þátttakendur í Lífshlaupinu í ár. Lífshlaupið er verkefni sem höfðar til allra landsmanna óháð aldri og hvetur þá til að huga að eigin hreyfingu og auka hana eins og kostur er. Starfsmenn skólans tóku þátt í vinnustaðakeppni en nemendur voru þátttakendur í hvatningarverkefni grunnskóla. Farið er eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um hreyfingu en þar er fullorðnum ráðlagt að hreyfa sig í minnst 30 mínútur á dag og börnum og unglungum í 60 mínútur. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu þess www.lifshlaupid.is

6. tölublað

Fjör í 1. bekk

Söngstund hjá 4. árgangi

Kærleiksvika

Leiðsagnarmat

Lífshlaupið

Foreldravika

Á döfnni

**28. febrúar -
4. mars**

Foreldravika -
opið hús

3. mars

Skólahreysti -
Lágafellsskóli
keppir í undan-
keppni í Smáralind

9. mars

Öskudagur -
dagskrá nánar
auglýst síðar

Samvera—Samvinna—Samkennd

Lágafellspósturinn 6. tbl. 1. árg. febrúar 2011. Fréttabréf Lágafellsskóla í Mosfellsbæ.
Umsjón: Helena Katrín Hjaltadóttir. Ábyrgðarmaður: Jóhanna Magnúsdóttir. Lágafellspóstinn er að finna á heimasíðu skólans á www.lagafellsskoli.is

Fjör í líffræðivali

Í febrúar fengu nemendur í líffræðivali í 9. og 10. bekk skemmtilegt verkefni. Krakkarnir framkvæmdu hjarta-uppskurð á lambahjörtum undir leiðsögn Iðunnar kennara. Þegar nemendur höfðu lokið við að skoða og kanna hjörtun var ákveðið að steikja hluta þeirra og smakka á. Verkefnið vakti mikla lukku hjá nemendum sem voru áhugasamir eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



FMos með kynningar

Undanfarið hefur náms- og starfsráðgjafi FMos haldið kynningar á skólanum fyrir 9. bekkinga. Kennslan í FMos er verkefna miðuð og því er kynningin það líka. Nemendur eru beðnir um að skrá niður allt sem þeir vita um framhaldsskóla. Kynningarnar hafa gengið vel og munu koma krökkunum að gagni þegar þeir fara að huga að vali á framhaldsskóla.



Dagur stærðfræðinnar

Föstudaginn 4. febrúar var dagur stærðfræðinnar haldinn á Íslandi. Af því tilefni unnu nemendur fyrsta árgangs með nemendum leikskóladeildar að ýmsum skemmtilegum verkefnum. Þema dagsins í ár var stærðfræði og spil og fengu nemendurnir að kljást við hlutbundin verkefni.



Gjöf frá foreldrafélaginu

Foreldrafélag Lágafellsskóla færði nýverið Frístundaseli skólans 100 vesti að gjöf. Vestin eru ætluð nemendum til afnota í gönguferðum og munu án efa koma sér vel í vettvangsferðum framvegis. Við þökkum foreldrafélaginu kærlega fyrir þessa rausnarlegu gjöf.



Söngstund 4. árgangs

Annan hvern mánudag koma allir nemendur fjórða árgangs saman í söngstund hjá Helga tónmenntakennara. Þá hljómar hress söngur krakkana um skólann en Helgi spilar undir á gítarinn af mikilli snilli.



Kærleiksvika

Kærleiksvika var haldin í Mosfellsbæ dagana 14.-21.febrúar. Markmið kærleiksvikunnar er að bæjarbúar finni fyrir kærleik í sinn garð og gefi hvert öðru kærleik. Lágafellsskóli tók þátt og var lögð áhersla á sérstakt átak gegn einelti. Unnið var með eineltistengd verkefni á öllum aldursstigum og í kjölfarið voru lagðar eineltiskannanir fyrir nemendur.

Vegna vetrarleyfis nemenda lukum við kærleiksvikunni fimmtudaginn 17. febrúar með því að mynda kærleikskeðju utan um skólahúsnæðið. Allir nemendur tóku þátt og var hver og einn hlekkur í keðjunni.




Foreldravika

Vikuna 28. febrúar - 4. mars verður haldin foreldravika hér í Lágafellsskóla. Foreldravikan er haldin einu sinni á skólaárinu en þá eru foreldrar og forráðamenn boðnir sérstaklega velkomnir í skólann til að kynna sér skólastarfið og daglegt umhverfi barna sinna. Í foreldravikunni gefst foreldrum og forráðamönnum tækifæri til að kynna sér hvernig dagur barnsins fer fram og gefa barninu þá tilfinningu að virkt samband sé milli heimilis og skóla. Í ár er áhersla foreldravikunnar lögð á PALS og heimalestur. Við vonumst til að sjá sem flesta foreldra og forráðamenn í heimsókn hér í skólanum.

Tónlist fyrir alla

Þriðjudaginn 15. febrúar fluttu nemendur Listaskóla Mosfellsbæjar, sem einnig eru nemendur Lágafellsskóla, tónlist fyrir samnemendur sína á sal skólans. Haldnir voru þrennir tónleikar fyrir nemendur og kennara í hátíðasal skólans. Dagskrá tónleikanna var mjög fjölbreytt, allt frá rokki til klassískrar tónlistar.



Heimsókn í Árbæjarsafn

Nemendur Leikskóladeildarinnar hafa undanfarið verið að læra um siði, venjur, húsnæði, áhöld og fleira um „Í gamla daga“. Í tengslum við það heimsóttu þeir Árbæjarsafn fyrir stuttu. Sigurlaugur leiðsögumaður sagði krökkunum sögur og sýndi þeim hluti sem þeir hafa lært um undanfarnar vikur. Krakkarnir skoðuðu sveitabæinn Árbæ og kirkjuna mjög vel. Á leiðinni til baka var litið inn í fjárhús og heilsað upp á hænsnin. Allir skemmtu sér mjög vel og voru skólanum og sjálfum sér til sóma.



Leiðsagnarmat

Í janúar hóf Lágafellsskóli notkun Leiðsagnarmats við námsmat í fyrsta skipti. Leiðsagnarmatið er eining í Mentor sem gefur samstarfi foreldra, nemenda og skóla aukna möguleika auk þess sem markmiðsetning og mat á stöðu og líðan nemenda verður markvissara. Nemandinn er gerður virkur í eigin námi þar sem hann íhugar, metur og skráir eigin árangur og líðan.

Lágafellsskóli hefur hug á að þróa Leiðsagnarmatið áfram og nýtir þessa fyrstu reynslu af matinu í þeim tilgangi. Góð þátttaka var meðal nemenda sem skilaði sér í góðum foreldraviðtölum þar sem matið var lagt til grundvallar.